

Foreldrafélag Klappa

Fyrsti fundur foreldrafélags Klappa var haldinn rafrænt þann 17. janúar 2022. Í foreldrafélaginu er Anna Egilsdóttir, Sandra Ósk Sigurgeirsdóttir og Sandra Ósk Holm Sigurðardóttir, þar að auki er Áslaug Magnúsdóttir fyrir hönd leikskólans.

1. Rætt var að nýta kennitölu frá foreldrafélagi Pálmholts, það verður sótt um að breyta því nafninu á félaginu yfir í Foreldrafélag Klappa. Sú upphæð sem er til inná reikning foreldrafélags Pálmholts verður látið fara til foreldrafélags í Lundarsel þar sem meirihluti barna sem var á Pálmholti er á leikskóla í dag.
2. Skipað var í stjórn
 - a. Anna verður formaður formaður, Sandra Sigurgeris gjaldkeri og Sandra Holm ritari
3. Ákveðið var að sent yrði út reikningur tvisvar á ári frá foreldrafélaginu annarsvegar í febrúar og hinsvegar í október. Þá verður reikningurinn 2500 fyrir 1 barn en 4000 fyrir 2 eða fleiri börn.
4. Gerður verður Facebook hópur fyrir foreldra barna á Klöppum.
5. Stefnt að kaupa möppur fyrir hvert barn á klöppum til þess að safna verkefnum til þess að börnin taka með sér þegar þau útskrifast af klöppum eða skipta um leikskóla
6. Þá var aðeins rætt hvaða viðburðum foreldrafélagið vill standa að svo sem vorhátíð, fá dans eða jóga kennara inn í skólastarfið og fleira.

Ritari: Sandra Ósk Hólm